



## Fundargerð stjórnarfundar nr. 31.

Stjórnarfundur Norðurár bs., fimmtudaginn 24. júní 2010 kl:15:00, haldinn sem símafundur. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Undir fyrsta lið fundarins var einnig Ágúst Hafsteinsson frá arkitektarstofnunni Form ráðgjöf ehf.

### Dagskrá

1. Hönnun þjónustuhúss og húslýsing.
2. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Hönnun þjónustuhúss.

Unnið áfram með mismunandi útfærslur á fyrirhuguðu þjónustuhúsi. Samþykkt að vinna héðan í frá með 4b og 4c. Ágúst lagði fram kostnaðarmat á mismunandi byggingarleiðum, þ.e.a.s timburhús eða steipt hús. Samþykkt að húsið yrði með steinsteiptum útveggjum og með tvíhalla þaki. Einnig farið yfir ýmis önnur atriði sem lúta að aðstöðu þeirra sem koma með varning til urðunnar og þeirra sem þarna starfa.

Samþykkt að þóknun vegna fullnaðarhönnunar á öllu sem snýr að húsinu, þar með talin útboðsgögn verði samtals 1.555.000 kr án vsk eða 15% lægra en hönnunartilboðið var sem barst 16. Júní 2010. Ágústi falið að vinna áfram að verkinu.

#### 2. Önnur mál

Farið yfir nokkur atriði en ekkert bókað.

Fundi slitið kl. 16:00

---

Magnús B. Jónsson

---

Einar E Einarsson

---

Vignir Kjartansson

---

Eiður Guðmundsson